

11. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 4. maí 2004, skv. heimild í lögum nr. 17/1996 um gatnagerðargjald og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Árnesi, 10. nóvember 2004.

Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Kjarnasvæði, reitur 1, íþróttakadema.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 19. október 2004 samþykkt deiliskipulag Kjarnasvæðis, reitur 1, íþróttakadema.

Deiliskipulagið tekur til svæðis austan Reykjaneshallar í Njarðvík.

Greinargerðir og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 11. nóvember 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Búðarflöt 1, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness þann 4. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Búðarflöt 1, Álftanesi, frá skipulagi, dags. 29. janúar 1992. Breytingin felst í því að á suðurhlið hússins færast byggingarreitur út um 3,0 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 11. nóvember 2004.

Gunnar Valur Gíslason bæjarstjóri.